

**Mannréttindaskrifstofa Íslands**  
**Laugavegi 7 - 101 Reykjavík**

Sími: 552 2720 - Fax: 552 2721 Netfang: icehr@humanrights.is

**Allsherjarnefnd Alþingis**  
**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga, lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002, 417. mál.

Í fylgiskjali I með frumvarpinu er getið umsagnar Bjarneyjar Friðriksdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofunnar og er hér með tekið undir hana **efnislega** að því er varðar **1. gr. frumvarpsins**. Annað mál er, að undirrituð mundi vilja orða ákvæðið öðru vísi, sér ekki ástæðu til að **skylda** menn utan trúfélaga til að greiða ekki gjöld til Háskóla Íslands né annarra (sbr. orðalagðið “ ..skal ekki greiða....” ) Mætti a.m.k. gera mönnum frjálst hvort heldur þeir vildu ekkert gjald greiða eða sambærilegt gjald einhverri annarri stofnun að eigin vali. Einfaldast væri þó og eðlilegast, að mati undirritaðrar, að fella alveg niður ákvæði 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. tilvísun greinargerðar á bls. 2 í Stjórnskipunarrétt Gunnars G. Schrams þar sem segi, að með almennum lögum megi afnema umrædd gjöld.

Virðingarfyllt,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Reykjavík, 22. mars 2002,

Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.